

**Ed. 300. Frumvarp til laga [132. mál]**

um breyting á lögum nr. 49 5. apríl 1948, um breyting á bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 2. gr. laganna komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Þrátt fyrir framangreind ákvæði þurfa þeir, sem leyst hafa af hendi fyrir 31. des. 1950, próf, sem heimilar þeim að stýra leigubifreiðum til mannflutninga, og uppfylla skilyrði laganna um aldur og óflekkað mannorð, ekki að ganga undir öku-kennslupróf, enda hafi þeir fengið löggildingu dómsmálaráðherra til öku-kennslu fyrir 1. apríl 1951. Löggilding samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar skal vera ókeypis, en fyrir framlengingu hennar skal greiða sama gjald og ákveðið verður fyrir framlengingu réttinda þeirra manna, sem ganga undir ökukennarapróf.

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna komi svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir, sem samkvæmt ákvæðum laga þessara eiga rétt á löggildingu til öku-kennslu án greiðslu og hafa greitt fyrir löggildingu samkvæmt lögum nr. 49 5. apríl 1948 og reglugerð nr. 178, 13. des. 1948, skulu fá leyfisgjaldið endurgreitt, ef þeir krefjast þess fyrir 1. júlí 1951.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 49 5. apríl 1948 var bifreiðalögunum breytt, að því er öku-kennsluréttindi varðar. Breytingin hefur ekki að fullu komið til framkvæmda vegna óánægju þeirra starfsstétta, sem hlut eiga að máli.

Með lagafrumvarpi þessu er gert ráð fyrir þeirri breytingu, að þeir, sem fyrir árslok 1950 hafa lokið hinu meira bifreiðastjóraprófi, skuli halda ökukennsluréttindunum, sem þeir hafa öðlzt með meiraprófsréttindum sínum fyrir gildistöku laga 49 5. apríl 1948, eða hefðu öðlzt fyrir 31. des. 1950, ef lög nr. 49 5. apríl 1948 hefðu ekki gilt að þessu leyti.